



511. Stjórnarfundur haldinn 25. október 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES). Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Hrefnu Höskuldsdóttur skjalverði Reykjanesbæjar vegna bókuar bæjarráðs Reykjanesbæjar um kaup á tímum í Sporthúsinu fyrir knattspyrnudeild. **Móttekið og afrit sent á knattspyrnudeildina.**

Tölvupóstur frá Öryggismiðstöðinni vegna úttektar á bruna- og öryggiskerfi Hringbrautar 108. Úttekin á bruna- og öryggiskerfinu á Hringbraut 108 var án athugasemda. **Móttekið.**

3. Send bréf

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur

Búið að ákveða hver verður í opnuviðtali og ræða við viðkomandi. Sævar Sævarsson hefur tekið að sér að taka viðtalið. Byrjað er að safna auglýsingum í blaðið. Stefnt er að því að blaðið komi út 7. desember.

5. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn 20. október á Ísafirði og var EH fulltrúi Keflavíkur. Farið var yfir tillögur sem samþykktar voru á fundinum. Persónuverndarstefna UMFÍ var samþykkt. Stjórn UMFÍ var heimilað að kanna með sölu á Sigtúni 42.

6. Önnur mál

EH mætti á kynningarfund hjá Verkís á íþróttamannvirkjum og rekstri þeirra.

EH átti fund með formann UMFN, ÍRB og íþrótt- og tómsfundarfulltrúa Reykjanesbæjar varðandi framtíðarsýn í íþróttamannvirkjum og svæðum.

Stuðningsmannakort í körfu. Erindi frá körfuknattleiksdeild Keflavíkur sem frestað var á síðasta fundi.

Umræður um málið. Kortin keypt á fullu verði sem greiðist þannig að ¼ greitt með peningum og ¾ með afskrift á skuldum deildarinnar til aðalstjórnar. **Samþykkt að verða við beiðninni.**

Þvottavél og þurrkari. **EH hefur fulla heimild aðalstjórnar til að halda áfram með málið.**

Hringbraut 108. Verið er að skoða hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér ef húsið yrði leigt undir íbúðir.

Jólahlaðborð verður 1. desember á Radisson Blu Hótel Sögu.

Námskeið í Nóra skráningar- og innheimtkerfi verður haldið 6. nóvember kl. 17:00 í félagsheimili okkar.

Verið er að skoða með tímasetningu á skyndihjálparnámskeiði.

Flaggstangarfánarnir eru komnir.

Næsti fundur 8. nóvember kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:05 Fundinn ritaði BS.

